

Stjórnarfundur Félags Háskólakennara á Akureyri

Miðvikudaginn 21. Janúar 2009 kl 11:40-13:00

Mætt: Kjartan Ólafsson, Hafdís Skúladóttir, Arnheiður Eypórsdóttir, Páll Björnsson, Erlendur Steinar Friðriksson og Helgi Gestsson.

1. Íslensk verðbréf

Ottó B. Ottósson frá ÍV kom á fundinn og fór yfir stöðuna á inneign FHA hjá ÍV. Í kjölfar efnahagskreppunnar hefur fé félagsins rýrnað og fjárfestingaleiðir breyst. Ottó kynnti nýjar leiðir sem felast í fjárfestingum í verðtryggðum og óverðtryggðum innlánnum með mismikilli áhættu. Stjórn FHA mun hugsa málið og ákveða síðar hvaða leið verður fyrir valinu. Engin ákvörðun var tekin.

2. Staða mála í skólanum

Samþykktir framkvæmdastjórnar háskólans um viðbrögð við niðurskurði stjórnvalda á framlögum til háskólans voru kynntar á almennum starfsmannafundi sem rektor boðaði til 19. Janúar 2009. Þær hafa ekki verið samþykktar á háskólaráðsfundi. Fundur háskólaráðs verður 2. febrúar n.k. Ákveðið var að boða til félagsfundar fyrir mánaðamót og í framhaldi af því vinnufund fyrir félagsmenn FHA þar sem félagsmenn fá tækifæri til að ræða samþykktir framkvæmdastjórnar.

3. Ný vefsíða og nýtt merki FHA

Í smíðum er ný vefsíða og er spurning hvað á að vera þar og hvort eitthvað vantar. Kjartan kynnti nokkrar tillögur að nýju merki félagsins.

Hafdís Skúladóttir ritaði fundargerð